

Sp.

937. Þingsályktun

[201. mál]

um framhald Inndjúpsáætlunar.

(Afgreidd frá Sp. 5. maí.)

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin skuli hlutast til um að bændur á svæði Inndjúpsáætlunar skuli næstu fimm ár eftir að starfstíma áætlunar lýkur halda þeirri lánaþyrirgreiðslu til ræktunar, sem þeir hafa notið frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggðasjóði, enda verði unnið samkvæmt endurnýjaðri áætlun.